

Dalabyggð  
Miðbraut 11  
370 Búðardalur

Reykjavík 26. apríl 2019  
UST201902-230/S.A.J.  
08.14.00

**Efni:** Endurskoðun - lokunarfyrirmæli urðunarstaða

Samkvæmt 61. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs ber rekstraraðila urðunarstaðar að vakta lokaða urðunarstaði svo lengi sem telja má að mengunarhætta stafi af urðunarstaðnum, að jafnaði í 30 ár. Umhverfisstofnun skal láta þinglýsa fyrirmælum um frágang og vöktun urðunarstaðarins eftir lokun og endurskoða þau fyrirmæli á þriggja ára fresti.

Umhverfisstofnun hefur nú farið yfir fyrirmæli um vöktun og gagnaskil vegna lokaðs urðunarstaðar Dalabyggðar við Búðardal. Endurskoðunin hefur leitt í ljós að mati Umhverfisstofnunar að ekki er tilefni til breytinga á fyrirmælunum að svo stöddu enda hefur rekstraraðili ekki staðið fyllilega skil á gögnum samkvæmt fyrirmælunum.

Ekki hafa borist mælingar vegna eftirfarandi þátta.

- Mæling á breytingu á umfangi (sig)

Stofnunin mun endurskoða fyrirmælin á nýjan leik að þremur árum liðnum. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frest í 7 daga frá dagsetningu þessa bréfs til að gera athugasemdir við niðurstöðuna og byrjar kærufrestur sbr. lög nr. 55/2003 að líða að þeim tíma liðnum.



Agnar Bragi Bragason  
teymisstjóri

Virðingarfyllst



Sverrir Aðalsteinn Jónsson  
sérfræðingur